

Velferðarnefnd Alþingis

b.t. Kristjónu Benediktsdóttir, skjalavörður nefndasviðs Alþingis
skrifstofu Alþingis, Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðandi: Þingsályktunartillaga um seinkun klukkunnar, 338. mál.

Reykjavík, 26. mars 2015.

Ágætu nefndarmenn,

Knattspyrnusamband Íslands leggst gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Skráðum iðkendum í knattspyrnu hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og eru nú um 22.000. Þessi fjöldi iðkenda kallar á góða nýtingu knattspyrnumannvirkja sem eru í notkun frá morgni til kvölds. Komi fyrirhuguð breyting til framkvæmda þá minnkar nýting knattspyrnuvalla þar sem hætta þarf knattspyrnuíðkun fyrr en nú er, sérstaklega þegar líða tekur á sumar í samræmi við birtuskilyrði. Ef bregðast ætti við þessum aðstæðum með flóðlýsingu knattspyrnuvalla þá er kostnaður við það að koma upp viðunandi lýsingu á knattspyrnurvelli um 100 – 120 milljónir á hvern völl. Einnig þyrfti að huga að því hvort að mæting á knattspyrnuleiki myndi dragast saman (og þar með tekjur félaga) þar sem leikir þyrftu að hefjast fyrr og nær lokum vinnudags.

Það er mikil hagsmunamál fyrir knattspyrnuhreyfinguna á Íslandi að engin breyting verði gerð á klukkunni á sumartímanum og því leggst Knattspyrnusambandi gegn slíkri breytingu.

Vinsamlegast hafið sambandi við undirritaða ef frekari upplýsinga er þörf.

Með kveðju,

f.h. KSÍ,

Klara Bjartmarz,

framkvæmdastjóri.

